



Alcro Brennicks Topplack Trä

Vörunr. 2643

Lýsing

Alcro Brennicks Topplack Trä (2643) er glært og terpentínu þynnalegt akrýllakk sem er sérhannað til að verja eldvarnarlakkið Alcro Brennicks Klarlack Trä (2643) gegn hnjaski og raka.

Notkun

Alcro Brennicks Topplack Trä (2643) er á við innanhúss sem er eldvarinn með Alcro Brennicks Klarlack Trä (2642). Eldvarnarkerfið er myndað af tveimur málningarefnum. Alcro Brennicks Klarlack Trä (2642) sem er sjálf eldvörnin og Alcro Brennicks Topplack Trä (2643) sem er til að verja eldvörnina gegn ániðslu og raka. Efnin vinnast að mestu leyti á sama hátt og hefðbundin lökk á við.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Glær	Þynnir: Terpentína
Gljástig: Matt	Áhaldahreinsir: Terpentína
Pakkningar: 4 lítra	Þurrktími: 2 klst
Efnisnotkun: Hámark 80 g/m ² ⇒ 9,7 m ² /l	Yfirmálunartími: 2 klst
Eðlisþyngd: 0,78 kg/l	

Undirmálun

Lakkið er vörn fyrir eldvarnarlakkið Alcro Brennicks Klarlack Trä (2642).

Áhöld

Pensill, rúlla eða sprauta. Gott er að jafna áferðina með lakkrúllu. Þvoið áhöld strax eftir málun.

Vinnutilhögun


Fjarlægið laust yfirborð, ryk, olíu, fitu og önnur óhreinindi af fletinum. Áður málaðir fletir skulu mattaðir. Flöturinn á að vera hreinn og þurr (hámark 7 %) fyrir lökkun. Lakkið síðan tvær umferðir með eldvörninni Alcro Brennicks Klarlack Trä (2642). Til að fá eldvörn í 1 flokki þarf $400 \text{ g/m}^2 = 0,3 \text{ lítra/m}^2$ af eldvörninni á flötinn (200 g/m^2 í hverri umferð). Lakkið yfir með **Alcro Brennicks Topplack Trä** (2643). Það mega hámark fara 80 g/m^2 af lakkinu yfir sjálfa eldvörnina.

Athugasemdir

- Alcro Brennicks Topplack Trä (2643) hefur matta áferð.
- Ef málað er yfir með sjálfu eldvarnarlakkinu þá er yfirmálunartími 8 klst en 18 klst ef málað er með Alcro Brennicks Topplack Trä (2643).
- Við lökkun má hitastig ekki vera undir $10 \text{ }^\circ\text{C}$. Lakkið er viðkvæmt gagnvart raka og skal loftraki ekki vera meiri en 65 %.
- Alkýðmálning má alls ekki nota yfir eldvarnarkerfið.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.
Geymist þar sem börn ná ekki til.